

286. fundur Skólanefndar FS

4. september 2007



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Garðar Páll Vignisson, Albert Albertsson, áheyrnarfulltrúarnir Hrönn Arnarsdóttir og Guðmundur Viktorsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Skipan formanns.
 2. Upphaf haustannar 2007.
 3. Starfsmannaráðningar.
 4. Önnur mál.

1. Skipan formanns.

Formaður nefndarinnar kosinn. Lagt til að Kristbjörn Albertsson verði áfram formaður nefndarinnar. Samþykkt samhljóða. Ákveðið að fundartími verði áfram annan þriðjudag hvers mánaðar kl. 17:00.

2. Upphaf haustannar 2007.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar sem hófst með kynningardegi fyrir nýnema. Í dagskóla eru 992 nemendur og 145 í kvöldskóla. Auk þess stunda rúmlega 200 grunnskólanemendur nám við skólann í einstökum áföngum. Ljóst er að núverandi húsnæði skólans dugar varla fyrir þennan fjölda nemenda. Ákveðið að ræða húsnæðismál á næsta fundi nefndarinnar.

3. Starfsmannaráðningar.


Skólameistari sagði frá ráðningum starfsmanna. Nýir kennarar eru Anna Kristjana Egilsdóttir, Árdís Sigmundsdóttir, Bergþór Haukdal Jónasson, Guðbrandur Stefánsson, Guðmundur Ingi Jónsson, Hanna Vilhjálmsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir. Pétur Bragason hefur verið ráðinn verkefnisstjóri raungreinaverkefnis og Heba Ingvarsdóttir á skrifstofu. Verið er að ganga frá ráðningu umsjónarmanns og stuðningsfulltrúa.

4. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá skipulagningu við móttöku nýnema.
- b) Föstudaginn 7. september verður samstarfsfundur skólans með framhaldsskólunum á Suðurlandi, Vesturlandi og Snæfellsnesi.
- c) Haldin verður ráðstefna um dyslexíu í skólanum 5.-6. október. Þar verður erlendur fyrirlesari og vinnuhópar.

- d) Skólameistari sagði frá fundi sínum með menntamálaráðherra en þar var m.a. rætt um stuttar starfsnámsbrautir.
- e) Skólameistari sagði frá hugmyndum um stofnun fisktækniskóla í Grindavík. Skólanefnd felur skólameistara að vinna áfram að hugmyndinni.
- f) Rætt um starfsmannamál. Trúnaðarmál.
- g) Garðar Páll spurði um nýtingu fjarkennslubúnaðar. Skólameistari lýsti áhuga á að prófa hann nánar í vetur í kvöldskólanum.
- h) Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema verður miðvikudaginn 12. september.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari